

**20. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
13. október 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÖÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK).

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Árni Traustason byggingarfulltrúi og Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi eru viðstaddir í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggingarleyfi - Súrefnistankar. - 1610012

Erindi frá Jóni G. Magnússyni f.h. Bæjarvíkur ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir vatns og súrefnistanki við seiðaeldisstöð fyrirtækisins að Eysteineyrum/Laxeldi landnr. 189788. Vatnstankurinn er 8m hár og súrefnistankurinn 12m að hæð. Erindinu fylgja uppdrættir unnir af Hugsjón, dags. 03.10.2016.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem umræddar byggingar eru utan deiliskipulags. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjenda.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

2. Stækkun efnistökusvæðis í landi Norður-Botns. - 1610015

Tekið fyrir erindi frá Nancy Rut Helgadóttur, dagsett 11. október 2016. Í erindinu er óskað eftir stækkun á efnistökusvæði 2 í landi Norður-Botns í Tálknafirði. Landið sem um ræðir er í eigu Arctic Smolt.

Í gildi er framkvæmdaleyfi sem gefið var út á grundvelli Aðalskipulags Tálknafjarðar sem heimilar allt að 30.000 m³ efnistöku. Ekki er fyrirhugað að taka meira efni en það heldur er sótt um stækkun svæðisins sitthvoru megin við núverandi efnistökusvæði um 10.000 m².

Þar sem ekki er verið að fara fram á aukningu á magni þá rúmast efnistakan innan gildandi framkvæmdaleyfis. Bent er þó á að efnistaka á landi eða úr hafsbotni fellur í C-flokk ef svæðið raskar minna en 25.000 m². Framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki C í lögum um mat á umhverfisáhrifum skal tilkynna til viðkomandi sveitarfélags, sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli undirgangast umhverfismat. Ennfremur er bent á að framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

20. fundur
13. október 2016

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Árni Traustason (ÁT)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)
